

Mál nr. 240/2014
M og
V vegna innbrotstryggingar.

Innbrot og peningum stolið úr peningaskáp þ. 6.6.2013. Varúðarregla.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.8.2014 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 28. ágúst 2014.

Málsatvik.

Brotist var inn í starfsstöð M og stolið verulegum fjármunum sem geymdir voru í peningaskáp á skrifstofu M. Lykill stóð í lás peningaskápsins þegar að var komið og hafði verið notaður til að opna hann. Lykillinn var geymdur á annarri skrifstofu í starfsstöð M. Fyrir liggur hver braust inn og hefur sá einstaklingur verið sakfelldur fyrir það athæfi með dómi. M krefst bóta úr innbrotstryggingu sinni hjá V. V bauð fram bætur að hluta, en taldi að um undirtryggingu væri að ræða auk þess sem að brotið hefði verið gegn varúðarreglu, sem leiddi til 50% skerðingar bóta. M fellst á að um undirtryggingu hafi verið að ræða en telur sig ekki hafa brotið gegn varúðarreglu og gerir kröfu til að fá bætur án nokkurrar skerðingar. Af hálfu M er vísað til þess að fjármunir þeir sem stolið var hafi verið teknir úr peningaskáp sem var læstur, en lykillinn geymdur í næsta herbergi. Af hálfu M er haldið fram að engar varúðarreglur hafi verið settar af hálfu V um geymsluhætti lykilsins að peningaskápnunum og því mótmælt að varúðarregla hafi verið brotin. Þá vísar M til þess að lykillinn að peningaskápnunum hafi verið geymdur með tryggilegum hætti á læstri skrifstofu forráðamanns M, en peningaskápurinn staðsettur annarsstaðar. Af hálfu V er talið að það að geyma lykil að peningaskáp þar sem umtalsverðir fjármunir séu geymdir í næsta herbergi við peningaskáp sé brot á varúðarreglu að mati V og því sé eðlilegt að skerða bætur um helming vegna brots á varúðarreglunni.

Álit.

Lykill að læstum peningaskáp var geymdur á læstri skrifstofu forráðamanns M, en peningaskápurinn var í næsta herbergi við skrifstofu hans. Innbrotsþjófurinn braust inn á skrifstofu forráðamannsins og tók þaðan lykilinn og notaði til að opna peningaskápinn og stela þaðan verulegum fjármunum. Engin ákvæði eru um það í vátryggingaskilmálum hvar eða hvernig skuli geyma lykila að læstum hirslum þar sem verðmæti eru geymd. Forráðamaður M læsti umræddum peningaskáp og geymdi hann á læstri skrifstofu sinni og verður því ekki talinn hafa brotið gegn varúðarreglu sem leitt geti til skerðingar bóta úr innbrotstryggingu M hjá V. V er því ekki heimilt að skerða bætur til M vegna brots á varúðarreglu.

Niðurstaða.

V er ekki heimilt að skerða bætur til M vegna brots á varúðarreglu.

Reykjavík 16.8.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarson hdl.

Jón Magnússon hrl.